

Berist:

Nefndarsviði Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Þórunni Mariu Bjarkadóttir nefndarritari

Erindi: Umsögn Fjölmenningsseturs um breytingu á lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga með síðari breytingum.

Ísafirði 3. mars 2008.

Almennt

Fjölmenningssetur telur mikilvægt að tímabundið atvinnuleyfi verði ekki bundið tilteknum atvinnurekenda, sérstaklega gagnvart þeim einstaklingum sem fá slík leyfi vegna fjölskyldusameiningar, náms, sérfræðilekkingar eða sérstakra ástæðna. Einnig er mikilvægt að skoða frumvarpið út frá réttindum barna og ungmenna og möguleikum þeirra til að taka þátt í samfélaginu á sama hátt og önnur börn og ungmenni á Íslandi. Ef foreldrarir eru báðir með tímabundið atvinnuleyfi sem er bundið atvinnurekanda, gildir það sama um börnin og getur það haft mjög slæm áhrif á möguleika þeirra til að aðlagast samfélaginu og þátttöku þeirra í atvinnulífinu til jafns við önnur ungmenni í landinu.

Athugasemdir við einstaka liði

Hefur 3. mgr. 4. greinar, að einungis útlendingar með óbundið atvinnuleyfi mega starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skv. breytingu laganna, ekki þá hættu í för með sér á að verið sé að hefta nýsköpun?

Í 5. gr. stendur að framlenging atvinnuleyfis er alltaf háð því að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingargjaldi. Útlendingur hefur engar upplýsingar um þetta ákvæði og getur ekki tekið neina ábyrgð á skyldum atvinnurekanda. Enga að síður er útlendingurinn gerður algjörlega háður þessu ákvæði sem varpar ljósi á vankanta þess að útlendingur sé með atvinnuleyfi hjá einstaka atvinnurekanda.

5. gr. d-liður – Í lögunum frá 2002 er kveðið á um að atvinnurekandi eigi að tryggja starfsmann til jafns við ákvæði almannatryggingarlaga en með frumvarpinu er lagt til að breyta því í að sjúkratryggja eigi útlending skv. lögum um útlendinga. Hver er ástæðan fyrir þessari breytingu?

Fellur f-liður út? Að sýna fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Fellur áður 9. gr. um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu niður?

7.gr. a-liður. Tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli. – Í ákvæðinu vegna tímabundins skorts á atvinnuleyfi getur sami einstaklingur, sem hefur unnið hér í tvö ár,

fengið leyfi til að vinna í önnur tvö að því tilskyldu að hann hafi dvalist erlendis í tvö ár frá lokum gildistíma síðasta leyfis. Hver er ástæðan fyrir því að það þurfi að líða tvö ár á milli?

b-liður. Af hverju er íþróttamönnum (leikmönnum) óheimilt að stunda aðra vinnu? Fæst íþróttafélög í landinu hafa efni á því að vera með atvinnumenn í fullu starfi. Hvers vegna geta íþróttamenn einungis fengið leyfi sem ekki geta orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis?

c-liður. Það er mikilvægt að tryggt sé að dvalarleyfi af mannúðarástæðum séu gefin út, t.d. í þeim tilvikum þar sem um heimilisofbeldi eða skilnað er að ræða, þannig að þeir einstaklingar sem áður höfðu atvinnuleyfi sem makar íslensk ríkisborgara eigi þess kost að sjá fyrir sér við breyttar aðstæður og þurfi ekki að fara úr landi vegna nýs leyfis.

d-liður. Börnum þeirra sem eru með tímabundið atvinnuleyfi er ekki gert mögulegt að stunda sumarvinnu eða vinnu með námi til jafns við önnur ungmenni. Slíkt bitnar mjög á möguleikum þeirra við að aðlagast íslensku samfélagi. Þau eru háð því að fá tímabundið atvinnuleyfi, bundið einum atvinnurekanda eins og foreldrarnir, og takmarkar það mjög möguleika þeirra á vinnu og þátttöku í samfélaginu.

e-liður. Tímabundið leyfi vegna náms.

Gerum athugasemd við það að námsmenn geti ekki lengur stundað vinnu með námi eða í námshléum sem ekki tengjast náminu beint. Sem dæmi má taka nemanda á almennri braut í framhaldsskóla. Hvernig á hann að sýna fram á að vinnan tengist náminu? Er það ekki úr takti við íslenskt samfélag að ekki megi vinna með námi? Útilokar þetta ákvæði ekki alla nema þá námsmenn sem hafa aðgang að námslánnum eða eru mjög efnaðir? Þyrfti ekki frekar að bjóða hér upp á fornám þar sem kennd væri íslenska og fræðsla um íslenskt samfélag fyrir þá sem vilja stunda framhaldsnám? Í framhaldinu, ef nemendur uppfylla kröfur um námsframvindu, geti þeir stundað vinnu jafnhliða námi.

Það að námsmaður megi einungis stunda vinnu sem tengist viðkomandi námi, og getur ekki fengið leyfi sem veitir grundvöll til óbundins atvinnuleyfis er honum gert ómögulegt að fá til sín maka og börn nema sem ferðamenn fyrir utan þá námsmenn sem eru í doktorsnámi.

10. gr. b-liður. Þurfa börn sem fengið hafa búsetuleyfi að sækja um atvinnuleyfi við 18 ára aldur?

e-liður. Mikilvægt er að atvinnuleyfinu fylgi upplýsingar um hvenær eigi að sækja um framlengingu á því og hvernig eigi að standa að umsókninni.

Fyrir hönd starfsfólks Fjölmenningarseturs,
Elsa Arnardóttir, framkvæmdarstjóri Fjölmenningarseturs